

3. fundur samráðsvettvangs Reykjavíkurborgar og trú- og lífsskoðunarfélaga

Ár 2022, mánudaginn 6. nóvember, var haldinn 3. fundur samráðsvettvangs Reykjavíkurborgar og trú- og lífsskoðunarfélaga. Fundurinn var haldinn í húsi Hjálpræðishersins að Suðurlandsbraut 72 og hófst kl. 15.05. Fundinn sátu:

Magnús Davíð Norðdahl, formaður mannréttinda og ofbeldisvarnarráðs, Leslie Andres Bocanegra og Maria Ko Idarraga frá Alþjóðlegri kirkju guðs og embætti Jesú Krists, Ingvi Kristinn Skjaldarson frá Hjálpræðishernum, Gunnar Vilhelmsson frá Bahá'í, Þorvaldur Þorvaldsson frá DÍAMat, Pétur Þorsteinsson frá Óháða söfnuðinum, Eyjólfur Snjólfsson frá Siðmennt og Bjarni Randver Sigurvinsson frá Þjóðkirkjunni. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn: Anna Kristinsdóttir, Guðrún Elsa Tryggvadóttir og Joanna Marcinkowska sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Magnús Norðdahl formaður mannréttinda og ofbeldisvarnarráðs opnaði fundinn og bauð þátttakendur velkomna. Við höfum séð aukna hatursorðræðu í samfélaginu og bakslag sem hinsegin samfélagið hefur upplifað. Við höfum séð aukningu í ofbeldi og hnífaburði en hvort tveggja eru alvarleg mál. Þátttaka erlendra borgara í síðustu sveitarstjórnarkosningum var einnig mjög lítil. Sveitarfélögin hafa hér mikilvægu hlutverki að gegna. Við þurfum að verja lýðræðið okkar. Magnús nefndi hlutverk trú- og lífsskoðunarfélög í þessu samhengi en félögin geta miðlað upplýsingum til félagsmanna sinna.
2. Samfélagslögreglan kynnti starf sitt. Árið 2019 var samfélagslöggræsluverkefni sett á fót. Einu sinnu í viku tekur samfélagslögreglan að sér að heimsækja leikskóla, skóla, elliheimili og félagsmiðstöðvar til að ná betri tengingu við samfélagið. Markmið verkefnisins er að reyna að komast nær fólkinu í samfélaginu. Þarna gefst tækifæri til að svara fyrirspurnum fólks og oft má leiðrétt misskilning um störf lögreglunnar. Þau hafa orðið vör við að fólk er oft hikandi við að hafa samband við lögregluna þegar eitthvað kemur upp á. Kennarar eru jafnvel að reyna að leysa vandamálin sem koma upp án þess að tilkynna þau. Eins eru foreldrar hikandi við að hafa samband við neyðarlínuna. fólk áttar sig ekki á því að lögregla, neyðarlína og slökkvilið er eitthvað sem á að nota. Samfélagslögreglan hefur einnig tekið þátt í Flotanum, flakkandi félagsmiðstöð, en það er verkefni á vegum Reykjavíkur ætlað unglíngum. Samfélagslögreglan er forvarnarstarf. Aðspurð sögðu þau að ef áhugi væri fyrir því hjá trúfélögum að fá heimsókn frá samfélagslögreglunni væri það velkomið.
3. Guðrún Elsa Tryggvadóttir, lögfræðingur á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, kynnti hjónavígslur í Ráðhúsinu. Hægt er að leigja rými fyrir hjónavígslur í Ráðhúsi Reykjavíkur. Um er að ræða tvo sali á þriðju hæð í norðurhluta Ráðhússins, Turn og Tjarnarbúð ásamt rými í Tjarnarsal. Rými fyrir hjónavígslur er til leigu mánudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga og laugardaga milli kl. 10:00-15:00. Miðað er

við að athöfnin taki að hámarki eina klukkustund. Fulltrúi viðburðastjórnar aðstoðar leigutaka við uppsetningu rýmis, dúkar og kertastjakar eru innifalin í leigu. Leiguverð er 30.000 kr. auk vsk. á virkum dögum en 40.000 kr. auk vsk. á laugardögum.

Leigutaki annast alla skipulagningu, aflar nauðsynlegra leyfa og útvegar vígsluaðila og votta. Ekki verði fleiri en 50 gestir viðstaddir vígsluna. Aðgengi er tryggt fyrir öll. Leyfilegt er að skála að athöfn lokinni, ekki er leyft að vera með hrísgrjón, sápukúlur, glitpappír (konfetti) og þess háttar. Hægt er að leigja glös í Ráðhúsi sé þess óskað samkvæmt gjaldskrá. Fulltrúi viðburðastjórnar er á staðnum á meðan á athöfn stendur.

4. Guðrún Elsa kynnir kynfræðslu í grunnskólum Reykjavíkur. Mikil umræða hefur átt sér stað undanfarið varðandi kynfræðslu. Borið hefur á því að villandi og oft röngum upplýsingum sé dreift um samfélagsmiðla og námsefni tekið úr samhengi. Því er fullt tilefni til að ræða þetta í dag. Í leikskólum og á yngsta stigi grunnskóla (1-4. bekkur) er áherslan á jafnrétti allra kynja og að afmá staðalímyndir. Verið er að kenna börnum að prinsessur eru líka sterkar og geta bjargað fólki. Ofurhetjur geta líka haft tilfinningar, hugsað um lítil börn og haft gaman af því að baka. Kynfræðsla er ekki skilgreint fag í stundaskrá nemenda á yngsta stigi en þarna lagður grunnur að því sem seinna kemur. Nemendur læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Börnin eru minnt á að þau eiga sinn líkama. Á miðstigi (5-7. bekkur) er lögð áhersla á jafnrétti óháð kynhneigð, milli fatlaðra og ófatlaðra, milli fólks með ólíkan húðlit, tungumál og uppruna. Þarna læra þau um vináttu og ást, að ofbeldi sé aldrei í lagi, að það þurfi alltaf að gefa samþykki. Þau læra um kynfærin, varnir og kynsjúkdóma. Þau læra hvað það sé mikilvægt að þau þurfi ekki að skammast sín fyrir að vera forvitin um eigin líkama, en aldrei er verið að hvetja til sjálfsfróunar líkt og sagt hefur verið á samfélagsmiðlum. Á unglíngastiginu (8-10. bekkur) er haldið árlegt kynheilbrigðisátak (vika 6), en það er sjötta vika hvers árs sem tileinkuð er kynheilbrigði. Unnið er með eitt þema á hverju ári og kjósa unglíngar um þemað hverju sinni. Haldinn er lýðræðisfundur með unglíngum úr öllum skólum Reykjavíkur þar sem þeim gefst tækifæri til að setja fram sínar væntingar til Viku6 og hafa áhrif á þær áherslur sem settar eru fram hverju sinni. Unglíngar hafa á þessum fundum bent á mikilvægi þess að styrkja foreldra í því að ræða um kynlíf og sambönd við börnin sín. Boðið er upp á fjölbreytt kennsluefni, leiki, spurningar, hópastarf, myndbönd og fræðsluveggspjöld.

Mikið hefur verið rætt um bókina „Kyn kynlíf og allt hitt“ sem gefin var út af Menntamálastofnun á íslensku og ætluð miðstigi grunnskóla. Foreldrar hafa tekið eftir því að kynfræðslan er ítarlegri í dag en hún var fyrir nokkrum árum. Ástæðan er einfaldlega sú að börn eru óvarin fyrir klámi í dag. Meðalaldur íslenskra drengja þegar þeir byrja að horfa á klám er 11,7 ára. Mörg börn óháði kyni eru þó mun yngri en það þegar þau sjá klám í fyrsta sinn. Kynfræðsla er mikilvæg forvörn gegn áreitni og ofbeldi.

Spurt var um hingsegin fræðslu í skólum og kennslu um BDSM. Fræðsla um BDSM fer ekki fram í fyrirlestrum eða öðru kennslufni um hinsegin mál, hvorki með börnum né unglingum. Um eina setningu var að ræða á einu veggspjaldi sem útbúið var árið 2019. Það er mikilvægt að rugla ekki saman kynfræðslu og hinsegin fræðslu. Hinsegin fræðsla er ekki kynfræðsla. Hinsegin fræðsla fjallar um fjölbreytileikann, hugtakaskýringar, virðingu og mikilvægi þess að vinna gegn fordómum.

5. Opnað var fyrir umræður. Frá því að samráðsvettvangur Reykjavíkur og trú- og lífsskoðunarfélaga á Íslandi var stofnaður hefur verið fundað þrisvar sinnum, þrátt fyrir að upphaflega hafi verið gert ráð fyrir tveimur fundum á ári. Fundargestir voru sammála um að vilji væri til þess að bíða ekki í heilt ár þangað til að boðað verður til næsta fundar. Vakin var athygli á því að til að ná til fleiri trú- og lífsskoðunarfélaga gæti Reykjavíkurborg hafið samstarf við samráðsvettvangur trú- og lífsskoðunarfélaga á Íslandi. Það er óheppilegt þegar fundir þessara tveggja hópa fara fram á sama degi líkt

Fundi lauk 16:40.

3rd meeting of Reykjavík City's Consultation Platform for Religious and Secular Communities

In 2022, on Monday, November 6, the 3rd meeting of Reykjavík City's Consultation Platform for Religious and Secular Communities was held. The meeting was held in the building of the Salvation Army at Suðurlandsbraut 72 and started at 15.05.

The meeting was attended by:

Magnús Davíð Norðdahl, chairman of the Human Rights and Violence Prevention Council, Leslie Andres Bocanegra and Maria Ko Idarraga from the International Church of God and the Office of Jesus Christ, Ingvi Kristinn Skjaldarson from the Salvation Army, Gunnar Vilhelmsson from Bahá'í, Þorvaldur Þorvaldsson from DÍA Mat, Pétur Þorsteinsson from the Independent Congregation, Eyjólfur Snjólfsson from Siðmennt and Bjarni Randver Sigurvinsson from the National Church. The following employees attended the meeting: Anna Kristinsdóttir, Guðrún Elsa Tryggvadóttir, and Joanna Marcinkowska, who wrote the minutes.

This happened:

1. Magnús Norðdahl, chairman of the Human Rights and Violence Prevention Council, opened the meeting and welcomed the participants. We have seen an increase in hate speech in our society and the backlash that the queer community has experienced is concerning. We have seen an increase in violence and carrying of arms, both of which are serious issues. The participation of foreign citizens in the last municipal elections was also very low. The municipalities have an important role to play here. We need to defend our democracy. Magnús mentioned the role of religious and Secular

Communities in this context and that the associations can communicate information to their members.

2. The community police presented their work. In 2019, a community policing project was established. Once a week, the community police visit preschools, schools, elders' homes, and community centers to better connect with the community. The goal of the project is to try to get closer to the people in the community. The project gives the police the opportunity to answer people's questions and often clear misunderstandings about the work of the police. The police have noticed that people often hesitate to contact the police when something happens. Teachers are even trying to solve the problems that arise in schools without reporting them. Parents are also hesitant to contact the emergency line. People don't realize that the police, 112, and fire department are there in case of any emergency. The community police have also participated in the project Flotan, a community center on the move, which is a project run by Reykjavík City aimed at teenagers. Community policing is a preventive measure. When asked, they said that if religious organizations were interested in receiving a visit from the community police, they would be happy to arrange such visits.
3. Guðrún Elsa Tryggvadóttir, a lawyer at the City of Reykjavik Human Rights and Democracy Office, presented marriage ceremonies in the City Hall. It is possible to rent a space for wedding ceremonies at Reykjavík City Hall, Tjarnargata 11. There are two rooms on the third floor in the northern part of the Town Hall, Tower and Tjarnarbúd, and also Tjarnarsalur. Spaces for marriage ceremonies is available for rent on Mondays, Wednesdays, Thursdays, Fridays, and Saturdays between 10:00-15:00. The ceremony is expected to take a maximum of one hour. A representative of the event management at the City Hall will assist the renter in setting up the space; tablecloths and candle holders are included in the rent. The rental price is ISK 30,000 + VAT on weekdays and ISK 40,000 + VAT on Saturdays.

The lessee takes care of all the planning, obtains the necessary permits, and provides the officiant and witnesses. No more than 50 guests can be present at the ceremony. Accessibility is guaranteed for all. Toasting is allowed after the ceremony; it is not allowed to have rice, soap balls, confetti, and so on. Glasses can be rented in the City Hall upon request, according to the price list. A representative of the event management is present during the ceremony.
4. Guðrún Elsa presents sex education in primary schools in Reykjavík. There has been a lot of discussion lately regarding sex education. It has been reported that misleading and often incorrect information is spread on social media, and educational materials are taken out of context. Therefore, there is every reason to discuss this today.

In kindergartens and at the youngest level of primary school (grades 1-4), the focus is on gender equality and eliminating stereotypes. Children are being taught that princesses are also strong and can save people. Superheroes can also have feelings, care about small children, and enjoy baking. Sex education is not a defined subject in the students' timetable at the youngest level, but the foundation is laid for what comes later. Students learn to respect themselves and others. The children are reminded that they own their body. In the mid-level (grades 5-7) the emphasis is on equality regardless of sexuality, between disabled and non-disabled people, between people with different skin color, language and origin. There they learn about friendship and love, that violence is never okay, that consent must always be given. They learn about the genitals, protection and sexually transmitted diseases. They learn that there is no need not to be ashamed of being curious about their own bodies, but masturbation is never encouraged as has been said on social media. At the oldest level (grades 8-10) there is an annual sexual health campaign (week 6), the sixth week of each year is dedicated to sexual health. We work with one theme each year and teenagers vote on the theme each time. A democratic meeting is held with young people from all schools in Reykjavík, where they could present their expectations for Week 6 and influence the priorities that are presented each time. At these meetings, teenagers have pointed out the importance of empowering parents to talk about sex and relationships with their children. Various teaching materials, games, questions, group work, videos, and educational posters are offered.

There has been a lot of discussion about the book "Gender, sex, and everything else", which was published by the National Board of Education in Icelandic and is intended for grades 5-7. Parents have noticed that sex education is more detailed today than it was a few years ago. The reason is simply that children are vulnerable to pornography today. The average age of Icelandic boys when they start watching porn is 11.7 years. Many children, regardless of gender, are much younger than that when they see porn for the first time. Sex education is an important prevention against harassment and violence.

Questions were asked about gay education in schools and teaching about BDSM. Education about BDSM does not take place in lectures or other teaching material on queer issues, neither with children nor teenagers. The world was only mentioned in one sentence on one poster prepared in 2019.

It is important not to confuse sex education with queer education. Queer education is not sex education. Queer education deals with diversity, definitions, respect and the importance of working against prejudice.

5. Discussions were opened. Since the consultation forum of Reykjavík and religious and life-viewing associations in Iceland was established, it has met three times, even though two meetings per year were originally planned. The groups present agreed that there is a desire not to wait a whole year until the next meeting is called. Attention was drawn to the fact that in order to reach more religious and life-viewing associations, the City of Reykjavík could start cooperation with the consultation forum of religious and life-viewing associations in Iceland. It is unfortunate when the meetings of these two groups take place on the same day, as happened today.

The meeting ended at 16:30.